



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Drög að sameiginlegri viljayfirlýsingu sveitarfélaga og Rauða krossins dags. 7. apríl 2016, vegna málefna umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi.


Á fundi velferðarráðs þann 28. apríl 2016 voru lögð fram drög að sameiginlegri viljayfirlýsingu sveitarfélaga og Rauða krossins dags. 7. apríl 2016, vegna málefna umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Drögin að viljayfirlýsingunni hafa verið send formönnum fjölskyldu-/velferðarráða á höfuðborgarsvæðinu. Vitað er að viljayfirlýsingin hefur þegar verið til umfjöllunar hjá Hafnarfjarðarbæ.

Á fundinum lagði velferðarráð fram eftirfarandi bókun:

Velferðarráð Reykjavíkur hélt fyrir skemmstu fund með Rauða krossinum um málefni flóttafólks og hælisleitenda þar sem fulltrúum fjölskyldu/velferðarráða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var boðið að sitja. Á fundinum kom skýrt fram að nauðsynlegt er að laga ósamræmi sem gætir í þjónustu við þá sem hingað leita alþjóðlegrar verndar og auka samvinnu milli sveitarfélaga. Eins var rætt um hvort að málaflokkurinn ætti frekar heima hjá sveitarfélögum með fyrirvara um að nægt fjarmagn fylgi frá ríkinu. Velferðarráð Reykjavíkur lýsir sig reiðubúið að skrifa undir yfirlýsingu sem þessa og vísar málinu til samráðsvettvangs Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til frekari skoðunar. Ráðið telur mikilvægt að Rauði krossinn komi að vinnunni og styðji við og samræmi þá þjónustuveitingu sem flóttafólki og hælisleitendum þarf að standa til boða. Þetta er hér með sent ykkur til frekari skoðunar í samræmi við bókun velferðarráðs.

Virðingarfyllst,


Ellý Alda Þorsteinsdóttir
skrifstofustjóri